



ORKUSTOFNUN

Varðar liði 2 og 3 í drögum að samningi milli
Reykholtsdalshrepps og Iðnaðarráðuneytis -
H.A.B

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-80/01

Varðar liði 2 og 3 í drögum að samningi á milli Reykholtsdalshrepps
og Iðnaðarráðuneytis - H.A.B.

Liður 2. Á vegum Jarðhitadeilda Orkustofnunar hefur farið fram ítarleg jarðfræðirannsókn á hverasvæðunum (-linunum) við Deildartungu-Kleppjárnsreyki og Klett-Runna, þ.e. fyrirhuguðum virkjunarsvæðum H.A.B. í Reykholtsdal. Niðurstöður eru birtar í skýrslu Jarðhitadeilda nr. OS-JHD-7856. Nú eru í gangi samsvarandi athuganir á hverasvæði því, sem kennt er við Sturlureyki-Velli (Árhver)-Logaland, og á hverasvæðinu við Hurðarbak, þ.e. næstu hverasvæðum við virkjunarsvæðin. Þessum athugunum lýkur á árinu 1980. Á svæðinu milli Kletts-Runna og Deildartungu-Kleppjárnsreykja er hins vegar minni háttar jarðhiti á nokkrum stöðum, sem m.a. er nýttur til upphitunar í Ásgarði. Þetta svæði þarf að kanna nánar áður en til borunar og/eða djúpdælingar kemur á ofangreindum virkjunarsvæðum.

Ljóst mál er að heitavatnsstaða á einstökum hverasvæðum í Reykholtdal kemur til með að raskast, þ.e. lækka, ef borað er í þau, sérstaklega ef vatnsborð verður dregið niður með dælingu. Aftur á móti eru tengslin á milli svæða ekki ljós. Athuganir benda til að láréttir vatnsleiðarar séu ekki fyrir hendi í utanverðum Reykholtsdal og að aðrennslí jarðhitasvæðisins sé tengt norðaustlægum brotum. Þetta dregur mjög úr líkum á því að heitavatnsstaða nærliggjandi hverasvæða raskist verulega, þó að borað sé á einu þeirra og vatnsborð lækkað með djúpdælingu. Reynslan ein getur þó skorið úr um þetta.

Athuganir benda til að jarðhitavatn á hverasvæðinu í Bæ í Bæjarsveit sé ekki skylt jarðhitavatni í Reykholtsdal. Virkjun þess svæðis virðist því engin áhrif geta haft á jarðhita í Reykholtsdal.

Liður 3. Jarðhitadeild hefur nýlega látið gera eins nákvæmar rennslismælingar og aðstæður leyfa á eftirtoldum hverasvæðum (-linum): Deildartunga-Kleppjárnsreykir, Klettur-Runnar, Sturlureykir-Vellir-Logaland. Á verkefnaskrá Jarðhitadeilda í ár eru samsvarandi mælingar við Hurðarbak.